
F U N D A R G E R Ð

Fundur: Orkuspárnefnd 2002-01
Fundartími: Föstudagur 8. febrúar 2002 kl. 13:30
Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9

Fundarefni:

- 1) **Áætlun um störf orkuspárnefndar og hópa á árinu 2002.**
- 2) **Störf raforkuhóps.**
- 3) **Raforkunotkun ársins 2001.**
- 4) **Fréttatilkynning um raforkunotkun ársins 2001.**
- 5) **Störf jarðvarmahóps.**
- 6) **Störf eldsneytishóps.**
- 7) **Almennar forsendur vegna endurskoðunar á spám.**
- 8) **Önnur mál.**

Fundinn sátu:

Orkuspárnefnd: Haukur Ingibergsson
Katrín Ólafsdóttir
Edvard G. Guðnason
Eiríkur Bogason
Magnús Magnússon
Guðmundur Guðmundsson
Þorkell Helgason

Verkfræðistofan Afl: Jón Vilhjálmsson

Orkustofnun: Árni Ragnarsson

- 1) ÞH sagði að fjárhagsáætlun Orkustofnunar fyrir árið væri ekki orðin endanleg og því gæti hann ekki gefið endanlegt svar varðandi áætlun um störf nefndarinnar. JV sagði að raforkuhópurinn hefði rætt um að það hvort ekki væri kominn tími á að breyta kostnaðarskiptingu og dreifði hann tillögu að skiptingu miðað við sölu veitnanna. Ákveðið var að bíða með slíka breytingu þar sem skipulagsbreytingar væru framundan sem hefðu áhrif á þetta starf.
- 2) JV dreifði einu blaði um störf raforkuhóps og sagði að hópurinn hefði haldið tvo fundi frá því nefndin kom síðast saman. Raforkuvinnsla síðasta árs liggur að mestu fyrir og heildsala. Unnið er að því að safna inn gögnum síðasta árs. Endurskoða þyrfti húshitunarspá á árinu vegna jarðvarma og raforkuspár. Hópurinn mun á næstunni fara yfir þær almennu forsendur sem snúa að raforkuspánni og koma með tillögur um breytingar til nefndarinnar.

- 3) JV dreifði töflum um raforkunotkun 2001. Hann sagði að tölurnar væru nánast endanlegar þar sem einungis vantar smávægilega vinnslu í dieselstöðvum.

Raforkuvinnslan jókst á síðasta ári um 4,5%. Aukning stórnotkunar var 5,8%, almenn notkun jókst um 1,8% og flutningstöp jukust um 12,5%. Aukning í forgangsorku almennrar notkunar var 2,1% og -1,1% í ótryggðri orku. JV benti á að meiri aukningu almennrar forgangsorku á seinni hluta síðasta árs en fyrri hlutanum. Ekki liggur fyrir ótvíræð skýring á mikilli aukningu á 3. ársfjórðungi.

JV dreifði töflum um almenna raforkunotkun leiðrétta út frá lofthita. Síðasta ár var hlýtt miðað við meðalár, en árið á undan var jafn hlýtt og meðalár. Aukning leiðréttrar almennrar notkunar er 2,9% (úr 1,8%) og aukning forgangsorku verður 3,2% (úr 2,1%).

- 4) JV dreifði drögum 2 að fréttatilkynningu um raforkunotkun á síðasta ári og fór yfir. Rætt var um hvort ekki mætti gera hana aðgengilegri fyrir fjölmiðla. HI benti á að fá fjölmiðlamann til að setja upp tilkynninguna. Hann benti einnig á að útbúa mætti nokkrar fréttir úr þessu. ÞH og JV var falið að skoða þetta nánar.
- 5) ÁR sagaði að jarðvarmahópurinn hefði ekki komið saman frá því nefndin hittist síðast en sagði að JV væri farin að vinna að endurskoðun á spánni. JV dreifði uppkasti að efnisyfirliti fyrir spána og fór yfir það. EGG benti á að huga þyrfti að því hvaða nýir staðir kæmu til greina varðandi hitaveitur. ÞH spurði hvort ekki væri eðlilegt að hitaveiturnar kostuð þetta starf að hluta eins og rafveiturnar gera með raforkuspána. ÞH ætlar að athuga með að senda veitunum bréf um það.
- 6) JV sagði að enginn fundur hefði verið í eldsneytishópi en á næstunni verður hugað að því að safna saman gögnum um notkun síðasta árs. Hann sagðist hafa frétt að sett hefði verið á fót nefnd ráðuneyta til að fjalla um orkunotkun í samgögnum og nefndi hvor Orkuspárnefnd ætti ekki að koma að því starfi. ÞH sagði að þetta væri nefnd til að marka stefnumótun stjórnvalda varðandi þennan þátt og eflaust yrði leitað til nefndarinnar.
- 7) JV sagði að leggja þyrfti nokkra vinnu í almennu forsendur spánna á árinu, sérstaklega þá þætti sem snúa að raforku- og jarðvarmaspá. ÞH spurði hvort Fasteignamatíð gerði ekki spár um húsnaði og sagði HI svo ekki vera en starfsemi þeirra er að breytast og líklegt væri að í framtíðinni kæmi til þess. JV benti á mannaflatölur og sagði MM að Hagstofan hefði verið að vinna að skipuleggja þau gögn en óvíst er hvenær ný gögn fara að koma. Hann sagði einnig að ný mannfjöldaspá væri komin frá Hagstofunni og væri hún á netinu. Ekki er þar gerð spá um einstaka landshluta.

Fleira ekki gert. Næsti fundur verður 10. maí 2002 kl 13:30. Fundi slitið kl. 15:00.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

- Orkusala árið 2000 og skipting á veitur í OSN. (JV)
- Minnisblað vegna fundar Orkuspárnefndar 8. febrúar 2002. Raforkuhópur Orkuspárnefndar. (JV)
- Fréttatilkynning. Raforkunotkun ársins 2002. drög 2 (JV)
- Drög að efnisyfirliti fyrir Jarðvarmaspá. (JV)

Sýnt var á netinu:

- Raforkunotkun 2001, fyrstu níu mánuðir ársins. (JV)
- Almenn raforkunotkun leiðrétt út frá lofthita, fyrstu níu mánuðir ársins. (JV)